

13

5. júní

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjald-
daga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breyt-
ingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda
eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra,
sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sér-
stök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 2
27. marz 1924, lög nr. 37 27. júní 1925 og lög um breytingar á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 5. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

14

5. júní

OPIÐ BRÉF

um að Alþingi sé rofið.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það Alþingi hefir samþykkt frumvarp til stjórnar-
skipunarлага um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands þá verður
samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920 að rjúfa Alþingi. Fyrir
því bjóðum Vér og skipum á þessa leið:

Alþingi sem nú er er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 5. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.